

Alþingi
Erindi nr. P 138/564
komudagur 9.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. desember 2009
RH/SLB/037/09


Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamáium, 239. mál.

Vísað er til tölvubréfs, dags. 5. desember 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Framlagt frumvarp gerir m.a. ráð fyrir útgreiðslu séreignarsparnaðar frá og með 1. janúar 2010 til 1. apríl 2011. Útgreiðslan yrði umfram það sem greitt hefur verið út eða greiðsla er hafin á samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Tryggingastofnun vill koma því á framfæri að greiðsla séreignarsparnaðar eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 eða lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Athygli er hins vegar vakin á að séreignasparnaður hefur áhrif á greiðslur til foreldra samkvæmt lögum nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lilly Baldursdóttir
forstjóri